

Mæling á rennsli og hita í Laugunum við
Reykjavelli í Biskupstungum

Guðmundur Ingi Haraldsson

Greinargerð GIH-80/03

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1980-05.13

Greinargerð
GIH-80/03
SV

Jarðhitadeild Orkustofnunar mældi hinn 11. febrúar 1980 rennsli og hita í laugunum við Reykjavelli í Biskupstungum. Laugarnar koma upp í mýri um 300 m sunnan við bæjarhúsin að Reykjavöllum. Við rennslismælingarnar var laugunum skipt í þrjár þyrpingar, til hægðarauka.

Niðurstöður voru sem hér segir:

Syðsta þyrping:	1,23 l/s af	71,5°C
Mið þyrping:	2,16 l/s af	74,5°C
Nyrsta þyrping:	0,40 l/s af	74,5°C
Alls	3,8 l/s af	71,5-74,5°C.

Í ráði er að grafa í laugarnar og leggja þaðan hitaveitu til bæjanna Torfastaða, Hrosshaga og Vegatungu auk nýtingar heita vatnsins í gróðrarstöð sem reisa á við laugarnar.

Samkvæmt reynslu má búast við að rennsli og jafnvel hiti aukist eitthvað ef laugarnar eru grafnar upp.